

FAGHÁSKÓLANÁM Í LEIKSKÓLAFRÆÐUM

Háskólafélag Suðurlands/HfSu, Háskóli Íslands og sveitarfélög á Suðurlandi hafa átt í samstarfi um skipulagningu fagháskólanáms í leikskólafræðum fyrir starfsfólk leikskóla á Suðurlandi. Námið er hagnýtt 60 ECTS starfstengt nám á háskólastigi og er stefnt á inntöku fyrstu nemenda námsins á haustönn 2020*.

Með fagháskólanáminu vilja samstarfsaðilar meðal annars stuðla að:

- Öfluggu námi í leikskólafræðum á Suðurlandi
- Eflingu menntunar innan leikskólanna á svæðinu
- Fleiri möguleikum starfsfólks leikskóla til starfsþróunar
- Því að sameina styrkleika formlegrar menntunar og þess óformlega náms sem fer fram á vettvangi leikskóla
- Samlegðaráhrifum sem verða til þegar HfSu, Háskóli Íslands, sveitarfélög, skólaskrifstofur og leikskólar á Suðurlandi taka höndum saman.

Fyrirkomulag og nánari útfærsla

Námið er sett upp sem 60 ECTS einingar og skilgreint sem nám með vinnu og er áætlað að það taki tvö ár.

Diplómanám í leikskólafræði er hagnýtt, atvinnutengt nám á háskólastigi sem lýkur með veitingu sérstaks prófskírteinis, diplómu. Námið veitir haldgóða þekkingu á starfi með börnum í leikskólum og hentar einkum þeim sem hafa starfað sem leiðbeinendur í leikskólum og hyggjast bæta við hæfni sína og/eða hefja leikskólakennaranám. Nemendur munu fá námseiningar metnar sæki þeir um áframhaldandi nám í leikskólafræðum við Háskóla Íslands.

Námið verður fjarnám og verða staðlotur alla jafna haldnar á Suðurlandi. Kennslufræðileg nálgun mun byggja á virkri þátttöku nemenda, sköpun lærdómssamfélags, og sterkum tengslum fræða og fagvettvangs. Kennslu-aðferðir verða fjölbreyttar og felast m.a. í vandinámi, einstaklings- og hópa-vinnu, vettvangsferðum og valdeflingu hvers nemanda. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag námsins má finna **hér**

Markhópur

Námið er skipulagt sem brú yfir í háskólanám. Markhópur námsins eru leiðbeinendur sem starfa í leikskólum á Suðurlandi. Stefnt er að því að fagháskólanám hefjist 1. september næstkomandi*.

Umsókn um nám

Umsækjendur eru beðnir að **skrá sig hér** og **senda jafnframt afrit af námsferilsyfirlitum, starfsvottorð og ferilskrá** tilínu Daggar Eyþórsdóttur, verkefnastjóra á kennslusviði, netfang **ina@hi.is**

***Skráning er með fyrirvara um að nám hefjist haustið 2020.**